

Samningur
milli
Starfsgreinasambands Íslands
og
Bændasamtaka Íslands
um kaup og kjör skammtímaráðinna starfsmanna á bændabýlum.

Gildistími 1. mars 2004 til 31. desember 2007

Samningur
milli
Starfsgreinasambands Íslands
og
Bændasamtaka Íslands

um kaup og kjör skammtímaráðinna starfsmanna á bændabýlum.

1. Laun

Kaup starfsmanna skal vera samkvæmt almennum kauptaxta í kjarasamningi SGS við SA frá 7. mars 2004, og gildir frá 1. mars

Aldursþrep ungmenna undir 18 ára miðast við fæðingarár.

Grunnlaun skulu vera sem hér segir:

18 ára og eldri kr. 97.463 á mánuði.

17 ára kr. 92.586 á mánuði, eða 95% af launum 18 ára.

16 ára kr. 87.717 á mánuði, eða 90% af launum 18 ára.

15 ára kr. 73.097 á mánuði, eða 75% af launum 18 ára.

14 ára kr. 63.351 á mánuði, eða 65% af launum 18 ára.

Ráðskonur I. almenn laun kr. 108.170 á mánuði.

2. Launahækkunir

Á samningstímanum verða laun sem hér segir:

Almenn laun

Frá 1. janúar 2005 - kr. 100.387

Frá 1. janúar 2006 - kr. 102.896

Frá 1. janúar 2007 – kr. 105.212

Ráðskonur: Ráðskonur I.

Frá 1. janúar 2005 111.414

Frá 1. janúar 2006 114.199

Frá 1. janúar 2007 116.769

Ofan á mánaðarlaun kemur hlutfall í desember og orlofsuppbót fyrir fullt starf 173,33 klst. á mánuði

Á árinu 2004 kr. 28,65 frá 1. mars 2004.

Á árinu 2005 kr. 29,57

Á árinu 2006 kr. 30,34

Á árinu 2007 kr. 31,15

3. Lágmarkstekjur

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 klst. á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama býli:

- 1. mars 2004 kr. 100.000 á mánuði
- 1. janúar 2005 kr. 103.500 á mánuði
- 1. janúar 2006 kr. 106.000 á mánuði
- 1. janúar 2007 kr. 108.000 á mánuði

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

5. Hvíldartími og frídagar

Lágmarkshvíld.

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því viðkomið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli 23:00 til 06:00

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

Við sérstakar aðstæður, þegar þjarga þarf verðmætum, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma gildir eftirfarandi: Sé starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst. (dagvinna). safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða átta klst. samfellda hvíld.

vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 klst. samfelld hvíld miðað við venjulegt upphaf vinnudags, skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. fjórar klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanna gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi. Þó má fyrirtæki með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi, þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg. Sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum frídegi sé frestað skal um það gerður sérstakur kjarasamningur. Má þá haga töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar saman

aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Falli frídagur aftur á móti á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans sem og samhljóða samnings ASÍ við VMS. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

6. Orlof

Orlof, 10,17% orlof greiðist á öll laun að öðru leyti vísast til aðalkjarasamnings SGS við SA.

7. Vinna unglunga á vinnuvélum og tækjum

Vinnuveitandi ábyrgist að fela unglingi einungis störf sem hann hefur aldur, færni og réttindi til að leysa af hendi. Hann skal gera unglingum ljósa grein fyrir slysa og sjúkdómshættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að starfsmaður fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að honum stafi ekki hætta af.

Unglingar skulu hafa sótt námskeið í meðferð og stjórnun þeirra vinnuvéla sem þeim er falið að vinna á.

8. Frídagar

Starfsmaður á rétt á 8 frídögum á mánuði, þar af a.m.k. tvívegis um helgi. Semjst um aðra tilhögun skal koma sérstök greiðsla fyrir sbr. þó grein 5.

9. Laun í veikindum og slysum

Um laun vegna vinnuslysa, slysatryggingar, laun vegna, atvinnusjúkdóma og greiðslu launa vegna veikinda- og slysatilfella, vísast til 7. Kafla samnings SGS við SA.

10. Um sjúkra- orlofs- lífeyrissjóði og félagsgjöld

Sjúkrasjóður

Vinnuveitendur skulu greiða í sjúkrasjóð viðkomandi félags sem svarar til 1% af útborguðu kaupum verkamanna til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði.

Orlofssjóður

Vinnuveitendur greiði sérstakt gjald í orlofssjóði viðkomandi félags er nemi 0,25% af útborguðu kaupum reiknuðu á sama hátt og gert er varðandi greiðslur til sjúkrasjóða. Vinnuveitendur greiði gjald þetta samhliða sjúkrasjóðsiðgjaldi.

Um lífeyrissjóði

Samningur samninganefndar Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda um lífeyrissjóði dags. 19. maí 1969, ásamt síðari breytingum, skal gilda milli aðila eftir því sem við á.

Iðgjöld til lífeyrissjóða reiknast skv. gildandi reglum af heildarlaunum.

Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af heildarlaunum sínum og atvinnurekandi með sama hætti 6% mótframlag af heildarlaunum hans.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í lífeyrissjóð (sameignar- eða séreignasjóð) greiðir vinnuveitandi framlag á móti með eftirfarandi hætti:

Framlag vinnuveitanda vera 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekanda í samtryggingarsjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast framlag í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekanda til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

UM FÉLAGSGJÖLD

Vinnuveitendur taka að sér innheimtu félagsgjalda aðal- og aukafélaga viðkomandi verkalýðsfélags í samræmi við reglur félagsins, hvort sem um er að ræða hlutfall af launum eða fast gjald. Þessum gjöldum sé skilað mánaðarlega til félagsins og er eindagi 15. næsta mánaðar á eftir. Heimilt er að skila félagsgjöldum samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum.

11. Um greiðslu fyrir fæði, húsnæði og þjónustu

Ef starfsmaður hefur fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi, dregst sá kostnaður frá útborguðum launum.

Verð fyrir þessa þjónustu á dag skal koma fram í útgefnum kauptöxtum á hverjum tíma og tekur fjárhæðin þeim breytingum sem aðilar samnings þessa eru sammála um (sjá bókun I).

12. Um ráðskonur á sveitaheimilum

Laun ráðskvenna skulu miðuð við kauptaxta starfsfólks mótuneyta. Matráðskonur, í aðalkjara samningi SGS við SA frá 7. mars 2004 (sjá grein 1. Laun, í þessum samningi).

Ofangreindur taxti miðast við 8 klst. dagvinnu mánudaga til föstudaga. Um vinnu umfram það fer samkvæmt kjarasamningi.

Ef ráðskona er með barn/börn á sínum vegum, 12 ára og yngri, dregst frá laun hennar fyrir hvern dag sem þau eru á viðkomandi búi. Þessar fjárhæðir breytast á sömu tímum og laun breytast (sjá bókun I.).

13. Ráðningarsamningar

Gera skal ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum á sveitaheimili. Í ráðningarsamningnum skal koma fram:

1. Nafn viðkomandi starfsmanns, lögheimili og kennitala. Sé um ungling að ræða þá einnig samþykki forráðamanna hans fyrir ráðningunni.
2. Nafn sveitabýlis og forráðamanns þess.
3. Laun og önnur kjör með vísun til þessa samnings og aðalkjarasamnings SGS við SA.
4. Réttindi og skyldur og lög er varða vinnu barna og unglunga.
5. Ábyrgð og skyldur forráðamanna býlis vegna vistunar og umsjónar með ólögráða unglungum.

Að öðru leyti vísast til samkomulags ASÍ við Samtök atvinnulífsins um skriflega staðfestingu ráðningarsamninga.

Bændasamtök Íslands skulu hafa til reiðu eyðublöð fyrir ráðningarsamninga samkvæmt þessu og skulu þeir vera í þrem eintökum. Heldur hvor aðili sínu eintaki en hið þriðja skal sent Bændasamtökum Íslands, sem senda skulu Starfsgreinasambandi Íslands afrit af þeim.

14. Um ágreining

Verði ágreiningur um mál sem rísa af samningi þessum skal honum vísað til lausnar hjá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands.

15. Önnur atriði

Um önnur atriði, en í samningi þessum greinir, skal farið samkvæmt aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins frá 7. mars 2004.

16. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2004 til 31. desember 2007 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar, hafi honum ekki verið sagt upp fyrir þann tíma samkvæmt ákvæðum kjarasamnings SGS við SA.

Reykjavík, 11. maí 2004.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
með venjulegum fyrirvara.

F.h. Bændasamtaka Íslands
með venjulegum fyrirvara.

Bókun I.

Aðilar framangreinds sammings eru sammála um að greiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli frá 24. mars 1997 vera sem hér segir:

Fyrir 18 ára og eldri	kr. 1.601.- á dag.
Fyrir 16 og 17 ára	- 1.241.- á dag
Fyrir 15 ára	- 1.054.- á dag.
Fyrir 14 ára	- 992.- á dag.

Aðilar eru einnig sammála um að frádráttur á launum ráðskonu vegna barna á hennar vegum 13 ára og yngri skuli vera sem hér segir frá 1. mars 2004.

Fyrir eitt barn	kr. 559.- á dag
Fyrir tvö börn	kr. 916.- á dag
Fyrir þrjú börn	kr. 1.263.- á dag

Greiðslur samkvæmt þessari bókun skulu breytast á sama tíma og laun og með sama hætti.

Reykjavík, 11. maí 2004.

Bókun II.

Almenn lýsing á störfum ráðskvenna á bændabýlum.

1. Ráðskona skal annast matseld. Gert er ráð fyrir fjórum máltíðum á dag: Morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Húsn skal auk þess sjá um venjulegar veitingar fyrir einstaka gesti þegar þörf krefur.
2. Ráðskona annast innkaup til heimilis, nema um annað sé samið. Hún skal eftir því sem aðstæður leyfa útbúa (vinna) venjuleg matföng til heimilis, nema um annað sé samið.
3. Ráðskona annast venjulega tiltekt í íbúðarhúsnæði svo og þvott og frágang hans.
4. Lýsing á starfssviði ráðskonu að öðru leyti skal vera í ráðningarsamningi hennar.

Reykjavík, 11. maí 2004.